

Íslenska - 6.bekkur

Kennarar: Svava Lárusdóttir

7

Tímabil:

Allt skólaárið.

Fjöldi kennslustunda á viku

Um það bil 6 kennslustundir á viku.

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið

Um það bil 230 kennslustundir yfir skólaárið.

Efni /Þema sem tekið er fyrir.

Málfræði – Lestur – Hlustun og áhorf – Ritun – Talað mál og framsögn - Bókmenntir

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð/færni)

Málfræði

Nemendur eiga að:

- þekkja orðflokka nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra.
- geta sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð.
- þekkja eintölu og fleirtölu.
- geta fallbeygt mannanöfn.
- kunna að stígbreyta og kynbeygja lýsingarorð.
- kunna nútíð og þátíð sagna.
- þekkja mun á sérnöfnum og samnöfnum.
- geta flokkað orð eftir kyni.
- unnið með stofn orða og vinni með í stafsetningu.
- þekkja algeng orðtök og málshætti.
- geta búið til samsett orð af öryggi.

Lestur

Nemendur eiga að:

- hafa náð góðum leshraða og lesa af öryggi.
- geta gert útdrætti úr því sem þeir hafa lesið.
- geta lesið úr töflum og myndritum.

Hlustun og áhorf

Nemendur eiga að:

- hlusta á upplestur á sögum og ljóðum.
- hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim.

Ritun

Nemendur eiga að:

- skrifa skýrt og greinilega og vanda frágang.
- þjálfast í að stafsetja rétt.
- semja sögur með atburðarás.
- sema ljóð.
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn.
- geri markvissa úrdrætti og skrái aðalatriði úr texta.
- geti skrifað rétt eftir upplestri.
- fari eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn- reglunni, ng – og nk – reglunni og um i, í og y, ý.

Talað mál og framsögn

Nemendur eiga að:

- geta greint skipulega frá eigin reynslu.
- geta kynnt vinnu sína munnlega fyrir áhorfendum.
- geta lesið upphátt ljóð og sögur með réttum áherslum.
- farið eftir reglum sem gilda þegar margir þurfa að tala í einu.
- tali skýrt og áheyrilega við öll tækifæri.

Bókmenntir

Nemendur eiga að:

- hlusta á upplestur íslenskra og erlendra ritverka.
- læra vísur og ljóð til söngs og munnlegs flutnings.
- læra hugtökin aðal – og aukapersóna, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir.
- þekkja hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemendur eiga að:

- geta tjáð sig skýrt og áheyrliga og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- geta tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- geta tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- geta hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- geta nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- geta átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Nemendur eiga að:

- geta lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- geta notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- geta greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- geta lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- geta lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- geta greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- geta beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- geta aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- geta lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.
- geta valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Ritun

Nemendur eiga að:

- geta skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- geta valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- geta samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- geta beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- geta lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.
- skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Málfræði

Nemendur eiga að:

- geta gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það.
- geta notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.

- geta nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- geta áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- geta notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- geta beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- geta beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- geta nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- geta gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Nemendur tileinka sér snyrtileg vinnubrögð og vinnusemi í kennslustundum.

Læsi

Yndislestrarstund á morgnana.

Sköpun

Nemendur semja ljóð. Ljóðavinna samkvæmt Orð af orði.

Lýðræði - Mannréttindi

Nemendur þjálfast í að taka afstöðu til ýmissa álitamála.

Jafnrétti

Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins.

Heilbrigði og velferð

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

Sjálfbærni

Nemendur vinna með margvísleg álitamál og ágreiningsefni.

Tjáning

Nemendur spreyta sig í leikrænni tjáningu með því að setja sig í spor annarra, lifa sig inn í aðstæður og fá að vera einhverjir aðrir stutta stund.

Hlustun

Nemendur hlusta á fyrirmæli kennara. Nemendur fylgjast með kynningum samnemenda.

Miðlun upplýsinga og þekkingar

Nemendur greina frá niðurstöðum verkefnavinnu.

Skapandi úrvinnsla

Með því að flétta leikræna tjáningu, spuna og myndlist saman við bókmenntakennslu er komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Gagnrýnin hugsun

Nemendur þjálfast í að taka afstöðu til ýmissa álitamála.

Sjálfstæði

Nemendur halda utan um eigin vinnu.

Samvinna

Nemendur vinna saman að ýmsum verkefnum.

Nýting miðla og upplýsinga

Nemendur leita upplýsinga á veraldarvefnum.

Ábyrgð á eigin námi

Nemendur halda utan um eigin vinnu.

Seigla/ úthald

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

Mat á eigin námi

Sjálfsmat.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Sögubók

Sögubók fyrir ritunarverkefni.

Jón Oddur og Jón Bjarni

Bókmenntir, Jón Oddur og Jón Bjarni e. Guðrúnu Helgadóttur

Heimalestrarbækur

Yndislestrarbækur

Ýmislegt efni frá kennurum

Efni, til dæmis af vef Menntamálastofnunar, Skólavefnum og fleira.

Orðspor 2 - lesbók

Orðspor 2 - lesbók á rafrænu formi.

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordspor2n/>)

Orðspor 2 - vinnubók

Orðspor 2 - vinnubók á rafrænu formi.

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordspor2vb/>)

Finnbjörg

Finnbjörg - Lítil bók um málfræði og stafsetningu.

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Finnbjorg/>)

Annar Smellur

Annar Smellur - lesskilningsverkefni.

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/annar_smellur/)